

NÁMSLÝSING

STARF Í LEIJKÓLA

Námskrá: Smiðja 1 – 2, 2
Færni á vinnumarkaði



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSLÝSINGAR

Starf í leikskóla – í samræmi við námskrá Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði (24-567-1-180)

VINNUSTUNDIR NEMA

Klukkustundir 180

HVERJUM ÆTЛАÐ

Fullorðnu fólk 18 ára eða eldra með stutta skólagöngu að baki og vill undirbúa sig til starfs í leikskóla.

Click or tap here to enter text.

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

2. útgáfa 2025

Gert af: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samstarfi við Fjölmennt.

- Staðfest af FA samkvæmt reglum um hæfniviðmið námskrár

Efnisyfirlit

NOTKUN HUGTAKA Í NÁMSLÝSINGUM FA	2
NÁMSLÝSING	2
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS	2
SÍKULAG	3
NÁMSMAT	3
STARFSNÁM.....	3
UMFANG OG INNIGHALD	3
UPPLÝSINGAR TIL FRÆÐSLUAÐILA/LEIÐBEINENDA, VINNUSTAÐAR/STARFSÞJÁLFA OG RÁÐGJAFA VMST	4
YFIRLITSTAFLA	4
NÁMSPÆTTIR.....	5
NÝ VERKEFNI, NÝTT STARF 1 – 2.11 F- SMIÐ1HV (28)	5
VERKLAD OG VINNUBRÖGÐ 1 – 2.12 F- SMIÐ2FS (2).....	6
STARFSÞJÁLFUN - LEIÐSÖGN 1 – 2.13 F- SMIÐ1SL (31)	7
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA 1 – 2.14 F- SMIÐ1PÆ (29).....	8
SJÁLFSTÆÐ VINNA OG ÞJÁLFUN 1 – 2.15 F- SMIÐ1SP (30)	9
VERKLOK 1 – 2.16 F- SMIÐ2VL (1)	10
VIÐAUKAR	11
NÁMSMAT	11
MAT Á FRAMKVÆMD NÁMS	12
VERKDAGBÓK.....	13
HÆFNIMAT – VINNUSTAÐANÁM - STARF Í LEIKSKÓLA	15

Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Vísast til heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/namskra/hugtakalisti/>

Námslýsing

Námslýsingin er gerð út frá námskrá FA Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði (24- 567-1-180), í námskrárgrunni mennta- og barnamálaráðuneytis og á vef FA.

Námskráin Smiðja 1-2, 2 Færni á vinnumarkaði lýsir námi á 1. þepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi og skiptist í 6 námsþætti. Námskráin byggir á starfaprófil, Starf í leikskóla og námslýsingin byggir alfaríð á námskránni og þeim námsþáttum sem þar er lýst. Námsþættirnir eru útfærðir miðað við starf í leikskóla og koma þeir fram hér á næstu síðum með sömu númer og í námskrá. Hæfnipbættir hvers námsþáttar eru einnig stílfærðir í takti við verkefnið en innan marka námskrárinnar. FA staðfestir lýsingar frá fræðsluaðilum út frá námskrá og birtir þær á vef sínum, www.frae.is.

Megintilgangur með náminu er að nemar fái góða innsýn í að leysa verkefni sem felast í starfinu sem námslýsing fæst við, læri og þjálfist í vinnulagi, verkkunnáttu, vinnusemi og samstarfi. Áhersla er á almenna og starfstengda starfshæfni nema eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Æskileg hópastærð er 6 – 10 nemar í hópi. Framkvæmd náms er í samstarfi fræðsluaðila, Vinnumálastofnunar og fyrirtækja á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Markmið er að efla hæfni fólks til að sinna starfi í leikskóla. Nemar afla sér kunnáttu og nýta til að vinna að verkum undir leiðsögn.

Auk þess að geta leyst ákveðin viðfangsefni eftir þjálfun á vinnustað þá er gengið er út frá að nemar geti unnið með nokkru sjálfstæði undir leiðsögn, eftir að hafa fengið ítarlega leiðsögn. Nemar fá að auki innsýn í og taka virkan þátt í ýmsum verkefnum, daglegum eða sjaldnar unnum verkefnum. Reynslan sem nemar hljóta, bæði við undirbúning og í vinnustaðanáminu nýtist við að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni svo að lokum verði nemar tilbúin til að sinna starfinu.

Námslýsingin er ætluð nemum, fræðsluaðilum, starfspjálfum á vinnumarkaði og leiðbeinendum.

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi þurfa nemar að búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþáttta:

Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að nota algengt mál tengt verklagi í starfinu
- eigin heilsueflingu og viðhorfi til vinnu
- virkni og eiginleikum búnaðar og áhalda í vinnu, ef við á
- reglum og leiðbeiningum sem gilda á vinnustað
- fyrirmælum um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti starfsfólks
- mikilvægi samvinnu og jákvæðra viðhorfa til vinnu og breytinga
- notkun verkdagbókar.

Leikni:

Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum á vinnustað
- vinna samkvæmt leiðbeiningum leiðsagnar á vinnustað
- nota viðeigandi efni í samræmi við leiðbeiningar, ef við á
- nota viðeigandi búnað og áhöld
- fylgja öryggisreglum um meðferð og notkun búnaðar, eins og við á
- nota algengt mál sem tengist vinnunni.

Hæfni:

Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- fylgja reglum á vinnustað
- vinna samkvæmt leiðbeiningum starfsþjálfa á vinnustað
- gera ráðstafanir til að tryggja öryggi sitt
- vinna verkefni í samstarfi við samstarfsfólk
- sýna þjónustulipurð við viðskiptavini, ef við á.

Skipulag

Námið er fyrst og fremst verklegt með þverfaglegu innleddi, mest í fyrstu tveimur námsþáttum en auk þess jafnt og þétt á meðan námið stendur yfir. Hæfniviðmið eiga við nám samkvæmt námskránni og miðast við nema sem læra út frá leiðbeiningum og undir verkstjórn.

Stígandi er í náminu í sjálfstæði og ábyrgð á vinnu með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum og undir eftirliti leiðbeinanda eða starfsþjálfa. Í verkefnavinnu ýmist vinna nemar sjálfstætt að skilgreindum verkefnum á vinnustað eða í smiðjunni hjá fræðsluaðila. Auk þess vinna nemar sjálfstætt að verkefnum sem tengjast viðbótar vinnuframlagi nema samkvæmt yfirlitstöflu, bls. 4.

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu og allri framkvæmd sem snýr að fræðsluhluta. Verkefnastjóri sér til þess að námsþættir séu samþættir og tryggar rökréttu samfelli þeirra,

Atvinnutengill/ráðgjafi VMST er tengiliður við starfsfólk á vinnustað (starfsþjálfi) sem hefur umsjón með nema í vinnustaðanámi fyrir hönd vinnustaðar. Starfsfólk sem sinnir leiðsögn á vinnustað skal hafa hlotið undirbúning fyrir verkefnið. Sá undirbúningur er á ábyrgð VMST. Áhersla er á að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnu fólk.

Starfsþjálfar eru fagfólk sem starfar öllu jöfnu við fagið/starfið. Vinnustaðanám fer fram á vinnustað.

Með námskránni Smiðja 1 -2, 2 Færni á vinnumarkaði fylgir handbók.

Námsmat

Námsrárangur og námsframvinda er metin út frá hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun.

Við mat á hæfni skoðast þátttaka nema og áhersla er á að leiðbeinandi / starfsþjálfi og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig nemum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Nemar þurfa að standast hæfniviðmið náms til að ljúka námi. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsrárangri og jafnframt sem lærðómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Námslok eru Fagbréf atvinnulífsins á þepi 1 samkvæmt Hæfniramma um íslenska menntun. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út Fagbréfið.

Starfsnám

Já, hluti náms er vinnustaðanám en námið er starfstengt með uppbyggingu og þjálfun til undirbúnings fyrir starf í leikskóla, námslysing námskráinnar nær til. Námskráin, Smiðja 1.2, 2 Færni á vinnumarkaði, er að stærstum hluta þjálfun til starfs og þess að vera á vinnumarkaði. Vinnustaðanám er um 61% af heildartíma námskrár. Við lok vinnustaðanáms fer fram hæfnimat (samtal) milli nema og starfsþjálfa, sjá viðauka, Hæfnimat – Vinnustaðanám, síðu 14.

Umfang og innihald

Námið er alls 180 klukkustundir og skiptist í sex námsþætti.

Í náminu er almenna og starfstengda starfshæfnin þjálfuð með fjölbreyttum aðferðum í tengslum við viðfangsefni sem staðið er frammi fyrir í starfinu eða mögulega einnig í samfélaginu. Útgangspunktur er að heildarmarkmið námsins náist.

Upplýsingar til fræðsluaðila/leiðbeinenda, vinnustaðar/starfsþjálfa og ráðgjafa VMST

Námið byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklingsins, samvinnu og samábyrgð nema og starfsþjálfa. Námsefni, framsetningu og framvindu náms skal sníða að forsendum fullorðinna. Námsárangur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu nema og leiðbeinenda/ fræðsluaðila, starfsþjálfa á vinnustað og ráðgjafa VMST.

Leiðbeinendur styðja við þróun nema og uppbyggingu náms. Við nám í smiðju hafa nemar tækifæri til að nýta eigin reynslu og afla nýrrar. Reynt er að tengja reynslu og veruleika nema við viðfangsefni námsins hverju sinni. Áhersla er á styrkleika hvers og eins, hvatningu í garð nemanna og að vinna traust þeirra. Veita skal leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og laga leiðsögn/kennslu að mismunandi námsnálgunum. Vinnustaður ber ábyrgð á inngildingu nema í vinnustaðanámi.

Leiðbeinandi og starfsþjálfi þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnum nemum og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nemanna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerir kröfu til þeirra sem heimild fá til að nota þessa námslýsingu um að formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir verði framfylgt við notkunina.

Yfirlitstafla

Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði

Tafla 1: Heildarúlit, skipulag

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag- viðbót	þrep
Ný verkefni, nýtt starf 1-2.11	F- SMIÐ1HV (28)	15	12	3	1
Verklag og vinnubrögð 1-2.12	F- SMIÐ2FS (2)	20	13	7*	2
Starfsþjálfun – leiðsögn 1-2.13	F- SMIÐ1SL (31)	20	18	2*	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.14 <i>Vinnustaður</i>	F- SMIÐ1PÆ (29)	51	6	45*	1
Sjálfstæð vinna og þjálfun 1-2.15 <i>Vinnustaður</i>	F- SMIÐ1SP (30)	59	6	53*	1
Verklok 1-2.16	F- SMIÐ2VL (1)	15	15	0	2
Vinnuframlag nema alls		180	70	110	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmera námsþáttar á vefsíðu namskra.is

* Vinnuframlag nema fer fram í vinnustaðanámi á vinnustað.

Frjálst val: nei

Námsþættir

Heiti námsþáttar kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþáttar úr namskra.is

Ný verkefni, nýtt starf 1 – 2.11

F- SMIÐ1HV (28)

Þrep	1
Vinnustundir	15
Námsgrein	Smiðja, verkefni 1
Viðfangsefni	heilsuefling, undirbúningur, skipulag, vinnuumhverfi, mæting, viðhorf

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla almenna starfshæfni sem nauðsynleg er á vinnumarkaði og jafnframt að styrkja þekkingu og viðhorf til heilsueflingar og gegn fordóum. Svo nemar nái að efla og/eða tileinka sér þá persónulegu hæfni sem nauðsynleg er: sem þáttakandi í samféluginu; til að sinna starfi sínu vel undir leiðsögn; og til að geta próast í starfi. Námið byggir á fjölbreyttum aðferðum til þjálfunar: í tengslum við verkefni leikskólastarfs.

Í upphafi er fjallað um viðhorf til þess að vera á vinnumarkaði. Hverju þarf að huga að í tengslum við mætingu og samskipti til að sinna þeim störfum sem okkur er trúð fyrir og leysa þau vel af hendi. Umræða um viðhorf til mætingar í vinnu, að mæta á réttum tíma, taka hlé á réttum tíma og passa alltaf upp á að gera vel það sem við gerum. Áhersla á jákvæð samskipti við allt fólk í daglegum störfum.

Mikilvægt að ræða saman um heilsueflingu og gildi heilsusamlegrar næringar, passa upp á andlega líðan, hreyfingu, hreinlæti og nægan svefn fyrir vinnudaginn. Sinna tómstundum í frítíma eftir vinnu. Fjallað er um að vera í vinnu, vinnuumhverfið og hvaða áskoranir geta falist í starfi í leikskóla. Gengið er út frá að nemar fái munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar og aðstoð eins og þurfa þykir.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.11

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað felst í því að vinna í leikskóla
- að mæta á réttum tíma
- samvinna og samstarf í vinnu
- mikilvægum þáttum í viðhorfi og samskiptum á vinnustað
- almennu hreinlæti og heilsueflingu

Leikni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- skoða eigin viðhorf til starfs í leikskóla
- finna hentuga leið til eigin heilsueflingar
- nýta námið til að geta sinnt vinnu sinni
- ræða mögulegar áskoranir við vinnu í leikskóla

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- ræða eigin skoðanir á samhengi vinnu og sinna tómstundum í frítíma
- spjalla um samskipti og leiðir til farsællar samvinnu

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Þrep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Smiðja, verkefni 2
Viðfangsefni	fjölmennung, samskipti, samvinna, skipulag, verkdagbók, vinnubrögð

Lýsing

Markmið er að nemar nái tökum á helstu þáttum sem starf í leikskóla snýst mest um og fái ítarlega fræðslu um verkfæri (s.s. leikdót barna, mataráhöld og meðferð á búnaði) sem tengjast störfum í leikskóla. Farið ítarlega í gagnsemi góðra samskipta, samvinnu og góðs starfsanda á vinnustað, einnig er farið ítarlega yfir fjölmenningu, fordóma, áreiti og einelti, og hvernig þessi mál koma við samskipti á vinnustað. Kynnt og rætt um mikilvægi þess að við tökum öll ábyrgð á eigin heilsu og öryggi við vinnuna m.a. til að styrkja sjálfstraustið. Fái jafnframt fræðslu um sjálfbærni og umhverfismál og það skoðað út frá ábyrgð á eigin heilsu, öryggi barna og sínu eigin. Gengið er út frá að nemar fái munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar og aðstoð eins og þurfa þykir.

Verkefni eru rædd, farið yfir alla þætti sem vinnan snýr að. Ræddar mögulegar leiðir við að leysa einstaka verkefni. Rætt um starfið og mögulega forgangsröðun þeirra verkefna sem fyrir liggja á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að nemar eigi kost á einhverjum stuðningi/aðstoð (viðbótarvinnuframlag nema).

Nemar fá fyrstu þjálfun í gerð verkdagbókar í tengslum við vinnuna. Gert er ráð fyrir að öll haldi verkdagbók daglega og fari reglulega yfir bókina með leiðbeinanda (og/eða starfspjálfa). Hver nemi hefur sitt lag á framsetningu verkdagbókar, sjá nánar viðauka um verkdagbók.

Tilgangurinn er einnig undirbúningur nema fyrir vinnustaðanám og þurfa nemar að geta áttað sig á í hverju starfið felst og við hverju megi búast þegar mætt er til vinnu í (nýja) leikskólann. Farið yfir notkun algengra starfstengdra / fagtengdra orða. Þá er komið inn á helstu þætti vinnuverndar, vellíðan í vinnu og líkamsbeitingu við vinnu.

Forkröfur: Ný verkefni, nýtt starf 1-2.11 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.12

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- gagnsemi verkdagbókar
- helstu verkefnum í leikskóla
- vinnuvernd og líkamsbeitingu
- helstu þáttum fjölmenningar
- að vinna eftir skipulagi / fyrrirmælum
- setja upp verkdagbók fyrir vinnuna
- samvinnu og samstarfi á vinnustað

Leikni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- fylgja fyrrirmælum þess sem stjórnar (leiðsogn / starfspjálfi)
- vinna verkefni sem tilheyra starfinu
- nota viðeigandi búnað í leikskólastarfinu
- nota algeng fagorð
- gera verkdagbók
- koma auga á aðstæður sem geta skapað hættu

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna að verkefni samkvæmt fyrrirmælum leiðsagnar
- sýna jákvæðni við vinnu eða breytingar
- vanda öll samskipti
- tileinka sér vinnubrögð sem henta fyrir verkið

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Þrep	1
Vinnustundir	20
Námsgrein	Smiðja, verkefni 3
Viðfangsefni	leiðbeining og stuðningur þjálfunar, réttindi og skyldur, verkdagbók

Lýsing

Verkefni starfs í leikskóla eru skoðuð út frá getu og hagkvæmni. Stuðningur og hvatning til að nemar nái sem allra best að vinna verkin. Ræddar mögulegar leiðir við að leysa einstaka verkefni og mögulega forgangsröðun á þeim. Fjallað er um almenna starfsemi stéttarfélaga með áherslu á störf trúnaðarmanna og hvernig þau geta nýst nemum í starfi.

Tilgangur námsþáttarins er að vera nemum í vinnustaðanámi til stuðnings auk þess að fara yfir áskoranir sem upp kunna að koma í leikskólastarfi. Námsþátturinn er skipulagður af fræðsluaðila í samstarfi við vinnustaðinn þar sem vinnustaðanám fer fram og VMST. Nemar fá reglulega leiðbeiningar um efni sem þau eru ó örugg með byggt á þeirri reynslu sem þau hafa öðlast í starfinu.

Farið er í verklýsing og verkþætti sem snúa að starfi í leikskóla. Ræddar mögulegar leiðir við að leysa einstaka verkefni.

Áhersla er lögð á góð og árangursrík samskipti, samvinnu og þjálfun í verklagi, að fylgja fyrirmælum og viðeigandi listum í tengslum við verkefni ef við á. Námsþátturinn byggir einnig á heimsóknum VMST á vinnustað á meðan vinnustaðanám fer fram.

Nemar eru hvattir til að fylla daglega í verkdagbók allt það helsta sem gert var eða kom upp. Nemi og leiðbeinandi fara reglulega yfir helstu þætti úr verkdagbók og ræða hvernig allir þættir ganga eins og efni standa til.

Forkröfur: Verklag og vinnubrögð 1-2.12 – eða samhliða 1-2.14 og 1-2.15, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.13

Bekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- forgangsröðun verkefna
- að fara vel með búnað og hluti
- að huga að flokkun og endurnýtingu hluta og efna
- að nýta vinnutíma vel
- samskiptum við samstarfsfólk og börn

Leikni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- vinna verkefni eftir verklýsingum og fyrirmælum
- skrifa reglulega verkdagbók (daglega)
- vinna með samstarfsfólk og börnum
- skipuleggja verkefni dagsins í leikskóla

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna á skilvirkjan hátt með börnum og samstarfsfólk
- spjalla um úrlausn verkefna
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta eigin árangur

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Þrep	1
Vinnustundir	51
Námsgrein	Smiðja, verkefni 4
Viðfangsefni	fyrimæli, samskipti, verkdagbók, vinnutími, vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að æfa verklag og þjálast í að fylgja leiðsögn / fyrimælum í tengslum við verkefni starf í leikskóla. Kynnast vinnustaðnum og fyrirkomulagi þar. Þjálast í að vinna ákveðin verk og sinna öðrum verkefnum sem starfið felur í sér, t.d. aðstoða með börnin, hjálpa til við mat og frágang o.fl. Kennsla á og þjálfun í notkun búnaðar sem leikskólastarfið getur krafist.

Lögð er áhersla á að þjálfu framkomu, samskipti og samvinnu við samstarfsfólk og börn við úrvinnslu verkefna starfsins í leikskóla. Nemar fá upplýsingar um vinnutíma, hlé (matar- og kaffítima) og öll gögn / upplýsingar sem tengjast starfinu. Gert er ráð fyrir að nemar fái hér ítarlegar leiðbeiningar og útskýringar, munnlegar og sjónrænar, á verkefnum sem tengjast starfi í leikskóla. Fyrstu vikurnar er farið daglega yfir leiðbeiningar með nemum og gengið úr skugga um sameiginlegan skilning verkefnum starfsins.

Áhersla er á að nemar skrái reglulega í verkdagbók þar sem fram koma helstu verkefni dagsins og áskoranir sem upp koma. Nemar vinna að skipulagningu vinnu með stuðningi ef þarf og nota upplýsingatækni við ákveðin verkefni þar sem það á við, auk þess að nýta lista yfir dagleg verkefni miðað við umsamið vinnutíma.

Reglulega fara nemi og starfsþjálfu / leiðbeinandi yfir hvernig vinnan hafi gengið og leysa úr málum sem þurfa úrlausnar við.

Forkröfur: Starfsþjálfun – leiðsögn 1-2.13 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.14

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sérstöku verklagi sem þarf við verkefni starfs í leikskóla
- meðhöndlun búnaðar og hluta
- vinnustaðnum og starfsemi leikskóla
- verkefnum sem lystar í eikskóla felur í sér
- framkomu, samskiptum og samvinnu við samstarfsfólk og börn

Leikni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- vinna verkefni samkvæmt verklýsingum og leiðbeiningum
- fylgja fyrimælum um vinnutíma og hlé frá vinnu
- notkun upplýsingatækni í tengslum við vinnuna, ef við á
- skrá reglulega í verkdagbók (daglega)
- vera í daglegum samskiptum við börn í leik og starfi
- aðstoða við daglegar athafnir barna
- sinna frágangi og þrifum

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna á skilvirkjan hátt með samstarfsfólk
- sýna þjónustulipurð og kurteisi við samstarfsfólk og börn
- vera í góðum samskiptum við samstarfsfólk og börn
- ræða um lausnir á verkefnum og bæta eigin vinnubrögð

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat. Símat og verkdagbók nýtast gjarnan við lokamat á námi fyrir útgáfu Fagbréfs atvinnulífsins.

Þrep	1
Vinnustundir	59
Námsgrein	Smiðja, verkefni 5
Viðfangsefni	stuðningur, eftirfylgni, verkefni og þjálfun í heildarstarf, tileinkun vinnubragða, aukið sjálfstæði við vinnu, möguleg starfsþróun

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að styðja við nema til að nýta þá leiðsögn og þjálfun sem þeir hafa fengið í fyri námsþáttum. Styðja nema og efla við dagleg verkefni í leikskóla og nýta möguleika til starfsþróunar. Námsþátturinn er beint framhald af fyri námsþætti (1-2.14) og byggir á þeim grunni.

Eftir að nemar hafa náð að tileinka sér vinnubrögð við þjálfun í starfi þá geta nemar tekið aukna ábyrgð við ákveðin verkefni starfs í leikskóla. Þjálfun, stuðningur og eftirfylgni er veitt í tengslum við meginþætti fyri námsþáttu með áherslu á heilsueflingu, mætingu, fjölmenningu á vinnustað og samvinnu, samskipti og sjálfstæði nema bæði í og utan vinnu. Megin áhersla á helstu starfstengda hæfnipþætti s.s. að veita stuðning og mynda tengsl, ýta undir sjálfsbjargarviðleitni barna og vera til staðar fyrir þau.

Nemar skipuleggja dagleg verkefni eins og kostur er og læra að vinna að þeim jafnt og þétt. Markmiðið er að nemar geti tileinkað sér aukið sjálfstæði í vinnubrögðum við ákveðin verkefni starfs í leikskóla og tengst starfsumhverfinu. Einnig er lögð áhersla á eftirfylgni með réttindamálum í tengslum við réttindi og skyldur í starfi sem væntanlegur launþegi.

Forkröfur: þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.14 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.15

Bekking: Nemi skal hafa öðlast bekkingu og skilning á:

- að vinna ákveðin verkefni í leikskóla jafnt og þétt
- hvernig góð vinnubrögð leiða til betri árangurs í starfi
- mikilvægi þess að meta eigið vinnuframlag
- hvernig aukið sjálfstæði, góð heilsa og samskipti stuðla að vellíðun í starfi

Leikni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér vinnubrögð sem kennd hafa verið í vinnustaðanáminu
- sýna fram á sjálfstæði í vinnubrögðum
- viðhafa góð samskiptum og samstarfsfólk og börn
- nýta stuðninginn til sjálfseflingar
- veita aðstoð við dagleg störf, eftir þörfum

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu bekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna góða mætingu og jákvæð viðhorf í samskiptum og samstarfi
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta árangur í starfi í leikskóla

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat. Símat og verkdagbók nýtast gjarnan við lokamat á námi fyrir útgáfu Fagbréfs atvinnulífsins.

Þrep	2
Vinnustundir	15
Námsgrein	Smiðja, verkefni 6
Viðfangsefni	hvatning til framtíðar, lærdómur við verklok, verkdagbók o.fl.

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að fara yfir námið sem heild með sérstaka áherslu á báða hluta vinnustaðanáms. Nemar kynnast launaseðlum og fá grunn þjálfun í lestri launaseðils til undirbúnings fyrir þátttöku á vinnumarkaði. Mikilvægt er að veita nemum hvatningu til framtíðar, með það fyrir augum að finna starf sem hentar þeim vel og stuðlar að auknum lífsgæðum og vellíðan. Fjallað er um hvernig nemum hefur tekist að nýta þá leiðsögn og þjálfun sem veitt var og árangurinn sem náðst hefur í starfi í leikskóla.

Samantekt á verkdagbók er gerð, og hver nemi kynnir sitt verkefni frá vinnustaðnum. Lögð er áhersla á markmiðasetningu fyrir hvern nema, sem er að hluta til heimaverkefni. Nemar fá kynningu í gerð ferilskrár og eru þjálfuð í því.

Við verklok fara nemi og leiðbeinandi yfir hvernig starfið hafi gengið frá upphafi til loka. Nemi leggur til sitt mat á eigin vinnuframlagi og þróun á sjálfstæði og fagmennsku í leikskólastarfinu.

Forkröfur: þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.15 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.16

Bekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi leiðsagnar og þjálfunar í vinnustaðanámi í leikskóla
- hvernig góð vinnubrögð leiða til betri árangurs í starfi
- að meta eigið vinnuframlag í samvinnu við starfsþjálfa / leiðbeinanda
- lesa og átta sig á innihaldi launaseðils
- vinna að gerð eigin markmiða

Leikni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér vinnubrögð sem kennd hafa verið í vinnustaðanámi
- sýna fram á aukið sjálfstæði í vinnubrögðum
- spjalla um námið í heild sinni og lærdóminn af því
- vinna að gerð ferilskrár

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- kynna verkefni sitt í hópnum
- setja sér markmið
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta árangur

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Byggir á samvinnu og samstarfi fræðsluaðila og leiðsagnar (starfsþjálfa) á vinnustað.

Viðaukar

Viðaukar
Námsmat
Mat á framkvæmd náms
Verkdagbók
Hæfnimat - Vinnustaðanám

Námsmat

Námsárangur og námsframvinda eru metin með fjölbreyttum matsaðferðum og með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsins. Áhersla er á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nemanna. Gert er ráð fyrir að nemar haldi verkdagbók sem lið í að meta námsframvindu sína.

Hér fyrir neðan er dæmi um fyrstu drög að lista fyrir leiðbeinanda í fræðslu. Gjarnan má nýta töfluna og bæta við þáttum sem leiðbeinendur vilja taka fyrir

Í leiðsagnarmati er merkt í hólf undir fjórar tölur: 4 jafngildir Alltaf, 3 er Oftast, 2 er Stundum, 1 er Aldrei.

Virkni í námi	4	3	2	1
Skrásetur og safnar í verkdagbók				
Safnar minnisatriðum, hugleiðingum, hugmyndum og öðru námsefni				
Tekur virkan þátt í umræðum				
Jákvætt viðhorf til skólafélaga og verkefna				
Tekur virkan þátt í viðfangsefnum				

Mat á framkvæmd náms

Auk þess að meta eigin stöðu þá meta nemar námið, markmið þess, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsins. Fræðsluaðili sér til þess að þetta mat fari fram með könnun eða öðrum áreiðanlegum hætti. Nemi leggur mat á:

- námið og markmið þess.
- skipulag námsins.
- hæfni leiðbeinenda.
- aðbúnað á kennslustað og veitta þjónustu.

Með þessu hefur nemi öðlast hæfni í að:

- taka þá ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfan sig og aðra.
- leggja mat á markmið sín og eigin framfarir í náminu.

Merktu við eins og þér finnst hafa gengið	Á ekki við	Já	Nei
Voru verkefnin eins og þú áttir von á?			
Var auðvelt að skilja munnlegar leiðbeiningar?			
Var auðvelt að skilja skriflegar leiðbeiningar?			
Gastu unnið eftir verklýsingu þinni?			
Voru vinnuaðstæður góðar?			
Finnst þér að þú hafir lært af þessu námi?			
Fannst þér gott að vinna með leiðbeinanda?			
Finnst þér gagn af að nota verkdagbókina?			
Treystir þú þér til að vinna sambærilegt verkefni eftir verklýsingu á eigin spýtur?			
Gekk þér vel að vinna með öðrum?			
Náðir þú að nota leiðir til að njóta stundarinnar?			

Verkdagbók

Í fræðsluþætti er nemum gerð grein fyrir að í verkdagbók eigi að safna gögnum um verkefni og frammistöðu svo að fyrirtæki eða skóli geti notað í leiðsögn og við að leggja viðeigandi mat á virkni og verkskil.

Markmið með verkdagbók er að styðja við og efla nám auk þess að vera ákveðinn vitnisburður um árangur. Í verkdagbókina safna nemar helstu upplýsingum í tengslum við vinnustaðanám, hvaða viðfangsefnum er sinnt, ef eitthvað kemur upp á, á vinnustað, hugrenningum, verklýsingum og fleiru sem getur skipt máli. Auk þess færa þau jafnóðum lýsingar sínar á framvindu verksins og ályktanir sem þau draga til að auka þekkingu sína, leikni og hæfni.

Leiðbeinandi fræðsluaðila metur verkdagbók. Nemi metur eigið vinnuframlag, gagnsemi náms, samstarf við aðra nema og leiðbeinanda.

Forsíða

Nemi:

Tilgangur verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.

Í verkdagbók er safnað efni til þess að:

- auðvelda nemum upprifjun á efni smiðjunnar
- nemar og leiðbeinendur geti metið framvindu og árangur námsins
- vera vitnisburður um viðfangsefni og árangur nema ef þeir vilt sýna hana öðrum.

Mikilvægt er að nemi færi í verkdagbók á hverjum degi.

- Framsetning efnis í verkdagbók getur verið:
 - skrifleg
 - riss, teikningar
 - ljósmyndir
 - hreyfmyndir (video) og/eða hljóðritun
 - á annan hátt sem nemi kýs að lýsa því sem gert er við vinnu í vinnustaðanámi.
- Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
 - verklýsingar, áætlanir, uppgjör og annað sem varðar undirbúning, skipulag og framvindu verks
 - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir
 - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.

Á næstu síðu er einfalt dæmi um uppsetningu verkdagbókar sem er rituð. Nemar þurfa að hafa dagsetningu við hverja færslu í dagbók.

Innsíða

Blaðsíða ____ af _____

Verklýsingar, myndir, teikningar, riss, myndatextar, minnisatriði, hugleiðingar, ályktanir og svo framvegis.

Hæfnimat – Vinnustaðanám - Starf í leikskóla

Stöðumat (símat) fer fram á meðan vinnustaðanám varir.

Við lok vinnustaðanáms fyllir starfsþjálfí út hæfnimatið við matssamtal. Að loknu matssamtali staðfesta nemi og starfsþjálfí niðurstöðu matsins.

Hæfnimatið fer fram á vinnustað í samtali á milli starfsþjálfa og nema. Nemi getur óskað eftir að ráðgjafi frá VMST eða fræðsluaðila sé viðstaddir hæfnimat (matssamtal). Nemi skilar niðurstöðum hæfnimatsins til fræðsluaðila.

Þú gefur nema vitnisburð um hæfni með númerum hér fyrir neðan sem eiga að lýsa þekkingu og færni í námsþáttum 1-2.14 og 1.2-15.

1 - Lítill þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti.

2 - Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrirfram gefin verkefni.

3 - Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð.

4 - Mikil þekking og færni og/eða hefur sýnt mjög góða færni í starfi.

* Rammar fylltir  = á alltaf við starfið

Hæfnimat námsþáttu 1-2.14 – 1.2.15 Starf í leikskóla		Útfyllist af matsaðila					
Þjálfun og sjálfstæð vinna	Á ekki við starfið	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	
Ég þekki og hef skilning á:							
– að mæta á réttum tíma							
– að koma vel fram við fólk							
– starfsemi og verklagi starfs í leikskóla							
– halda sig við vinnu á vinnutíma							
– réttri líkamsbeitingu við vinnuna							
– að nýta og fara vel með tíma, búnað, hluti og annað í tengslum við umhverfi							
– góðum og jákvæðum samskiptum							
– að vera til staðar fyrir samstarfsfólk og börn							
– að virða trúnað við samstarfsfólk og börn							
Ég get:							
– tekið þátt í skipulögðum samverustundum							
– átt í daglegum samskiptum við börn og samstarfsfólk							
– hjálpað til við máltíðir / hressingu							
– aðstoðað börn við daglegar athafnir							
– sinnt frágangi og þrifum á deild og útisvæði							
– haldið vinnusvæði hreinu og snyrtilegu							
– unnið undir álagi							
– fylgt fyrirmælum og unnið eftir skipulagi							
– komið vel fram og unnið með öðrum							
– sýnt sjálfstæði í ákveðnum verkefnum eftir að hafa fengið þjálfun							
– notað upplýsingatækni í tengslum við starfið, ef við á							
–							
–							
–							
–							

Ábendingar og athugasemdir starfspbjálfa!

Hér staðfesta nemi og starfspbjálfi að skráðar upplýsingar eru réttar:

Staður:	Dagsetning:
Undirskrift nema í vinnustaðanámi hjá	
Undirskrift starfspbjálfa vinnustaðar	

Með undirskrift staðfestist viðvera ráðgjafa í matssamtali:

Staður:	Dagsetning:	Undirskrift ráðgjafa/atvinnutengils VMST
---------	-------------	--



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI